

Skýrsla stjórnar 10. maí 2004 til 9. maí 2005

Stjórn félagsins, kosin á 5. aðalfundi 10. maí 2004, skiptist þannig: Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður, Vala Nönn Gautsdóttir varaformaður og vefstjóri, Lilja Ólafsdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Baldursdóttir ritari og Fanney Sigurgeirsdóttir meðstjórnandi, tók við sem gjaldkeri í byrjun árs 2005. Vala hefur tekið skrifstofuvaktina, uppfært félagatal og heimasíðu. Á heimasíðuna eru nú reglulega settar inn fréttir af því sem er á döfinni hjá félaginu og í bókasafnaheiminum. Greidd er þóknun fyrir skrifstofuvaktina og auk þess var á árinu 2003 hafið að greiða formanni mánaðarlega þóknun fyrir störf fyrir félagið. Í framtíðinni er stefnt að því að ráða starfsmann til félagsins. **Skrifstofa félagsins** er opin tvær klst. á viku á fimmtudögum kl. 16-18 frá okt. til nóv. og 15. jan. til 15. maí.

Alls voru haldnir 16 (19) **stjórnarfundir** á starfsárinu þar sem stjórn fundaði ýmist ein eða með öðrum. Hér verður sagt almennt frá helstu verkefnum sem stjórnin hefur unnið að. Stjórnin dreifir reglulega á heimasíðu félagsins, með póstlistanum *bokin* og/eða í *Fregnum* fréttum af framvindu þeirra verkefna sem unnið er að. Auk neðanritaðs var unnið áfram almennt að uppbyggingu og skipulagningu félagsins og svarað ýmsum fyrirspurnum og erindum t.d. um upplýsingagjöf sem bárust en þeim fer fjölgandi.

Húsnæðismálin hafa verið í uppnámi þar sem félagið átti þess ekki kosta að flytja með BHM í nýtt húsnæði. Nú nýlega hefur stjórnin gengið til samstarfs við tvo aðila um kaup á hlut BHM á 2. hæð Lág múla 7 (um 71 m² alls) þannig að húsnæðiseign félagsins mun ekki breytast til muna. Fyrirhugað er að stofna eignarhaldsfélag um hæðina, laga húsnæðið og gera það að einni heild.

Sótt er árlega um **styrki** til ráðstefnu- og fundafæra og ýmissa sérverkefna. Menntamálaráðneytið veitir félaginu árlega styrki til starfseminnar og fjölþjóðlegs samstarfs. Norræna ráðherranefndin hefur árlega veitt styrki vegna þátttöku í samráðsfundum norræna bóka- og vefstjórafélaga. Félagið á ennfremur sérstaka Hauka í horni þar sem eru Þjónustumiðstöð bókasafna og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auk þess sem mörg söfn hafa á ýmsan hátt sýnt félaginu velvild og þannig eftl það. **Upplýsing á aðild að eftirfarandi félagasamtökum:** Bókasambandi Íslands, Fagráði um upplýsingatækni, IBBY, EBLIDA, IASL, NORD I&D, IFLA og NVBF.

Á starfsárinu fundaði stjórnin tvisvar með fulltrúum félagsins í stjórn NVBF. Samráðsfundur stjórnar og fulltrúanna er jafnan haldinn fyrir stjórnarfundum NVBF haust og vor. Fréttir af stjórnarfundum NVBF eru birtar í *Fregnum* (sjá 3/2004, s. 19-20 og 1/2005, s. 27-28). Auk þess fundaði stjórnin t.d. tvisvar með ritnefnd Bókasafnsins til að ljúka við endurskoða starfssamning við ritnefndina og með lagabreytinganefnd og uppstillinganefnd og með fulltrúum frá BHM vegna húsnæðismála.

Á starfsárinu sóttu alls 44 (38) **aðild að félaginu**, 27 (32) einstaklingar, 15 (5) namar og 2 (1) stofnanir. Þeir hafa fengið kynningarbréf og lög félagsins. Alls bárust stjórn 3 (4) úrsagnir, 2 (4) einstaklingar og 1 (0) stofnun. Í lok starfsársins höfðu alls 438 (427) **greitt félagsgjald** fyrir árið 2004, 358 (357) einstaklingar, 14 (3) namar og 66 (67) stofnanir. Ógreidd gjöld fyrir 2004 (miðað við 30. apríl) eru alls 43 (41), 41 (37) einstaklingar, 0 (0) namar og 2 (4) stofnanir. Fyrir 2005 hafa þegar 399 greitt félagsgjöld.

Samkvæmt lögum félagsins er stjórninni heimilt að **taka af félagskrá** þá sem ekki hafa greitt árgjöld tvö ár í röð. Um síðustu áramót voru 16 (27) teknir af skrá, 15 (21) með einstaklingsaðild, 0 (1) nemi og 1 (5) stofnun. Þann 10. mars voru greiðsluseðlar fyrir árgjaldið 2005 sendir út með gjalddaga 10. mars og eindaga 10. apríl. Stjórnin hefur mótað þær verklagsreglur að hafi félagsmaður ekki greitt 2005 árgjaldið fyrir eindaga fær hann ekki *Fregnir* og *Bókasafnið* send fyrir en skil hafa verið gerð svo virkir félagar hafi sem minnstan kostnað af þeim sem ekki greiða árgjöldin. **Félagsskírteini** voru send með júníblaði *Fregna* til fullgildra félagsmanna.

Stjórn Upplýsingar hefur mótað stefnu um að félagsmenn njóti betri kjara, allt að 25% afsláttar, en utanfélagsmenn á námskeiðum og viðburðum sem staðið er fyrir innan vébanda félagsins og stjórn og/eða félagsmenn eiga þátt í að skipuleggja. Gildir þetta m.a. um fræðslufundi, endurmenntunarnámskeið og Landsfund bóka- og vefstjórafélaga.

Útgáfustarfsemi - viðurkenningar – kynningarstarf

Í apríl/maí ár hvert er tímaritið *Bókasafnið* gefið út sem er **fastímarit á sviði bókasafns- og upplýsingafræða**. Sérstök ritnefnd hefur veg og vanda af útgáfu blaðsins. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri blaðsins www.bokasafnid.is.

Stjórn félagsins gaf út **þrjú tölublöð *Fregna* - Fréttabréfs Upplýsingar** á starfsárinu (júní, nóvember og mars). Árið 2004 var blaðið samtals 176 (152) síður. Í fréttabréfinu eru birtar frásagnir og skýrslur um starfsemi ýmissa fulltrúa og nefnda á vegum Upplýsingar, fréttir og greinar um það sem er á döfinni í bókasafnaheiminum á Íslandi og erlendis, auk frásagna af forvitnilegum ráðstefnum sem félagsmenn hafa sótt. Í tilefni af útgáfu 30. árgangs nú í ár var ákveðið að íklæða blaðið nýjum búningi, setja textann í dálka og minnka letrið um einn punkt. Í hverju blaði verður einu bókasafni/upplýsingamiðstöð gefinn kostur á að kynna sig í blaðinu með forsíðumynd og grein gegn styrktargreiðslu sem nemur viðbótarkostnaði vegna litprentunar kápu. Ánægjulegt er hve ötulir félagsmenn eru við að skrifa áhugaverðar greinar í bæði blöðin og kann stjórn þeim bestu þakki fyrir.

Í júní 2001 var gerður samningur við Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing um **ritun *Sögu íslenskra bóka- og vefstjórafélaga*** sem gert var ráð fyrir að kæmi út þá um haustið. Stofnuð var fimm manna ritnefnd höfundi til fulltingis og vann hún mikið starf við undirbúning útgáfu, s.s. leiðréttingu handrits, söfnun mynda og gerð myndatexta og gerð ýmissa skráa bókarinnar (annarra en atriðisorðaskráar). Alls hélt ritnefnd 37 vinnufundi auk millifundarstarfa. Bókin kom út í lok ágúst 2004 og var dreift á Landsfundi um miðjan september. Þjónustumiðstöð bókasafna, Fjármálaráðneytið, Menningarsjóður og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn styrku útgáfuna. Framvinduskýrslur um verkið birtust reglulega í *Fregnum* (2/2001, s. 47-48; 3/2001, s. 3, 1/2002, s. 4, 2/2002, s. 22, 2/2003, s. 14-15 og 1/2004, s. 64, með því blaði fylgdu pöntunareyðublöð, og 3/2004, s. 4-5).

Bæklingur um **fræðsluefni um nýtingu upplýsingatækni** liggur fyrir í handriti og stefnt er að útgáfu hans á heimasíðu félagsins og á prentuðu formi á næstunni en útgáfan hefur því miður dregist. Menntamálaráðneyti hefur veitt styrk til verkefnisins að upphæð kr. 350.000 (2001) og kr. 1.000.000 (2003). Fyrirverandi varaformaður, Svava H. Friðgeirsdóttir, hefur stýrt verkefninu.

Á aðalfundi nú eru **viðurkenningar fyrir bestu íslensku fræðibækur** ársins (2004) veittar í 13. sinn. Ákveðið að **Veforða Upplýsingar** fyrir besta vef bókasafns- eða upplýsingamiðstöðvar á Íslandi (Fregnir 1/2002) verði veitt um leið og veforða NVBF.

Stjórn barst aftur boð frá Statens kulturråd um **tilnefningu til verðlauna úr minningarsjóði Astrid Lindgren**. Guðrún Helga dóttir og var tilnefnd af félaginu í annað skipti. Þorbjörg Karlsdóttir undirbjó tilnefninguna. (Fregnir 2/2004, s. 37 og 1/2005, s. 2).

Á starfsárinu hefur stjórn Upplýsingar unnið áfram að **kynningu á félaginu, t.d. í *Blöðungi* blaði nema í B&U**. Á vefsetrinu er efni um félagið. Stjórnin **bauð nemum í bókasafns- og upplýsingafræði á kynningarfund** 28. okt. 2004 (Fregnir 3/2004, s. 51).

Félaginu barst erindi um að hýsa ***Kennsluvef um upplýsingalæsi*** sem hlaut jákvæðar undirtektir, www.upplysing/upplysingalaeasi.

Ráðstefnur - fræðslufundir

Formaður Upplýsingar sótti **70. árlegt þing IFLA** í Buenos Aires í ágúst (Fregnir 3/2004, s. 27-29). Á þingið fór stærsta sendinefnd Íslendinga á IFLA-þing til þessa eða 29 manns, sjá m.a. umfjöllun styrkþega ferðastyrks Upplýsingar í *Fregnum* 3/2004, s. 29-48. Upplýsing á tvo fulltrúa í fastanefndum IFLA. Dr. Anne Clyde er í School Libraries and Resource Centres Section og Þórdísi T. Þórarinsdóttir í Classification and Indexing Section. Anne ef formaður skólasafnadeildarinnar.

Formaður sótti árlegan **fulltrúaráðsfund EBLIDA** sem haldinn var í Estoril í Portúgal, dagana 14. – 15. maí 2004 þar sem GATS og bókasöfn bar m.a. á góma. Stjórn Upplýsingar hefur boðið fram fundarstað hér á landi en þar sem fundir verða fyrst haldnir í nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins verður boðinu ekki tekið að sinni. (Fregnir 2/2004, 24-25).

Formaður og gjaldkeri sóttu samráðsfund formanna og framkvæmdastjóra norrænna bókarvæðafélaga, **Nordisk bibliotekforeningsmóte**, sem haldinn var í Ósló dagana 3. og 4. júní 2004. Á fundinum var m.a. fjallað um samstarfsverkefni norrænu félaganna, málefni EBLIDA og þátttöku þeirra í alþjóðlegu samstarfi en nú er kosningarár hjá IFLA og næsta IFLA þing verður haldið í Ósló (Fregnir 2/2004, bls. 26-28). Þann 19. nóvember 2004 sótti formaður á annan samráðsfund í Kaupmannahöfn þar sem ákveðið var að norrænu bókarvæðafélögin stæðu sameiginlega að útgáfu kynningarbæklinga um félögin og bókasafns- og upplýsingamál á Norðurlöndunum. Bæklingnum verður dreift til allra þátttakenda á IFLA-þinginu í Ósló. Upplýsing bauð öðrum félögum á fagsviðinu hér á landi, Samtökum forstöðumanna almenningabókasafna, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Félagi um skjalastjórn, að kynna starfsemi sína í bæklingnum og þekktust þau öll boðið.

Vorráðstefna NVBF var haldin í Reykjavík dagana 7. og 8. júní 2004. Formaður undirbúningsnefndar var Ásgerður Kjartansdóttir. Ráðstefnuna sóttu um 90 manns og þótti hún takast vel í alla staði. (Fregnir 2/2004, s. 49-50)

Upplýsing átti aðild að **XII NORD I&D ráðstefnunni sem haldin var í Álalorg 1.-3.** september 2004. Fulltrúar Upplýsingar í undirbúningsnefnd voru Kristín Geirsdóttir og Þóra Gylfadóttir og tókst ráðstefnan vel (Fregnir 3/2004, s. 48-49).

Þriðji Landsfundur Upplýsingar var haldinn á Hótel Sögu dagana 16. -17 september 2004 og er 17. Landsfundur bókarvæðna frá upphafi. Landsfundur er ráðstefna sem haldin er annað hvert ár og er jafnan mjög fjölsótt. Lbs-Hbs hafði veg og vanda af fundinum sem var sá næst fjölmennasti frá upphafi með um 240 þátttakendur. Yfirskrift fundarins var *Sameinum kraftana* og var meginefni hans samstarf af einhverju tagi. (Fregnir 2/2004, s. 55-56 og 3/2004, s. 53-54) Í lok fyrri dagsins var útgáfuteiti í tilefni af útkomu bókarinnar **Á LEIÐ TIL UPPLÝSINGAR**. Söfn á Suðurlandi hafa veg og vanda af næsta landsfundi sem haldinn verður haustið 2006 og er Margrét I. Ásgeirsdóttir formaður landsfundarnefndar.

Jólagleði Upplýsingar 2004 var haldin í Bókasafni Hafnarfjarðar föstudaginn 26. nóvember 2004. Gleðin var jafnframt fimm ára afmælishátíð félagsins og bar upp á stofndag þess. Af tilefninu voru átta félagsmenn útnefndir **heiðursfélagar**. Jólagleðin var samkvæmt venju ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn Upplýsingar, veitingar og skemmtiatriði voru í boði félagsins, Bókasafns Hafnarfjarðar og Þjónustumiðstöðvar bókasafna. (Fregnir 1/2005, s. 32)

Að venju **sátu fulltrúar Upplýsingar í NVBF tvo stjórnarfundir**, í Höfn 8. okt. 2004 (Fregnir 3/2004, s. 19-20) og héldu fund í hér 4. mars sl. (Fregnir 1/2005, s. 27-29). Formaður Upplýsingar gefur skýrsla um starfsemina fyrir hvern fund. Fulltrúar NVBF tóku saman skýrslu um kostnað og ávinning af þátttöku í starfi NVBF sl. fimm ár. Fram kemur að kostnaður stendur í járnnum en faglegur ávinningur tvímælalaus. (Fregnir 1/2005, s. 26-27). Einn félagsmaður fékk ferðastyrk NVBF á árinu (Fregnir 1/2005, s. 28-29).

Stjórnin bauð félagsmönnum í **heimsókn á Þjóðminjasafnið** 4. nóv. 2004 og þekktust 20 félagar boðið (Fregnir 3/2004, s. 52)

Stjórn Upplýsingar fékk Einar Ólafsson til að sækja ráðstefnu **um áhrif viðskiptasamninga á bókasöfn** (Trading in Knowledge? The World Trade Organisation and Libraries) í Cambridge í Englandi dagana 2.- 3. mars 2005 (Fregnir 1/2005, 11-13) og **málstofu Útflutningsráðs: Samræður menningarheima – Alþjóðaviðskipti og framtíð alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO** í hátíðarsal Háskóla Íslands 15. apríl 2005 þar sem m.a. var fjallað um áhrif aukinnar alþjóðavæðingar í viðskiptum á menningarlegan fjölbreytileika.

Fulltrúar **Upplýsingar í Nordisk netværk**, Hildur Baldursdóttir og Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, sóttu fund í Svíþjóð 12. –13. mars m.a. til undirbúnings sameiginlegu verkefni norrænu félaganna á IFLA 2005. Sagt verður frá fundinum í næstu Fregnum.

Upplýsing átti aðild að hinni árlegu **Gerðubergsráðstefnu um börn og barnamenningu** sem haldin var 12. mars 2005 sem var að þessu sinni einkum helguð H.C. Andersen. Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Inga Kristjánsdóttir (Fregnir 1/2005, s. 31-32).

Stjórn Upplýsingar stóð fyrir fræðslufundinum **Blandaðir ávextir í Þjóðarbókhöðu** fimmtudaginn 17. mars 2005 þar sem haldin voru fjögur mismunandi erindi. Til leiks mættu um 40 manns sem gerðu góðan róm að fundinum. (Fregnir 1/2005, d. 41-42)

Fræðslu- og skemmtinefnd stóð fyrir morgunverðarfundir á Grand hóteli 28. apríl sl. Efnið var *Geta bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar nýtt sér töl markaðsfræðinnar*. Til fundarins komu um 50 manns og vakti hann almenna ánægu. (Fregnir 1/2005, s. 44)

Fyrirlesturinn **Why do people want digital libraries** var haldinn 29. apríl síðastliðinn í samvinnu Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands og Upplýsingar. Rúmlega 30 manns komu á fyrirlesturinn sem góður rómur var gerður að. (Fregnir 1/2005, s. 5)

Um þessar mundir stendur **Samstarfshópur um höfundarréttarmál** í ströngu við að veita umsögn um ný lög um höfundarétt. Ólöf Benediksdóttir er fulltrúi Upplýsingar í hópnum og verkefnisstjóri.

Alþjóðleg ráðstefna um bókasafns- og upplýsingamál verður haldin í samvinnu við Skorina í B&U á Hótel Sögu 23. ágúst nk.

Menntunarmál - kynnisferðir

Upplýsing stendur fyrir **endurmenntunarnámskeiðum í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands**. Skuldlausir félagar fá 10% afslátt á námskeiðum á sviði bókasafns- og upplýsingafræði. Námskeið í boði á haustönn: Skráning gagna, Skráning gagna (hljóðrit), Morð í öllum betri bókabúðum - um glæpasöguna að fornu og nýju, Bókasafns- og upplýsingafræðingurinn sem kennari. Námskeið í boði á vormissiri: Skráning gagna, Skráning gagna (hljóðrit), Heilbrigðisupplýsingar á Netinu, Verkefnastjórnun á bókasöfnum og öðrum söfnum, Bókasafns- og upplýsingafræðingurinn sem kennari.

Aðalverkefni **verkefnisstjórnar um námsefnisgerð** í bókasafnstækni (Hulda Björk Þorkelsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir) var að fylgja eftir samningum við höfunda námsefnis. **Nemendur í bókasafnstækni útskrifuðust í fyrsta skipti 18. desember 2004** (Fregnir 1/2005, s. 40-41). Mat á starfsreynslu þeirra sem lokið hafa bóklegu námi er í undirbúningi. Upplýsing hefur **áheyrnarfulltrúa hjá Starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina**. Formaður er aðalfulltrúi og Hulda Björk Þorkelsdóttir varafulltrúi.

Úr **Ferðasjóði Upplýsingar** er í ár úthlutað 7 (18) styrkjum, að upphæð kr. 20.000 eða 10.000. Alls sóttu 16 (4) styrkina fyrir árið 2004 en stjórn hefur sett þá verklagsreglu að styrkþegar greini frá verkefnum sínum í *Fregnum*.

Beiðni barst frá Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) um **álitsgerð vegna nýrrar námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla**. Leitað var til viðkomandi faghópa innan félagsins um undirbúning álitsgerða sem stjórnin sendi svo til KHÍ.

Stjórnin styrkir sýningu á norrænu handbókbandi sem haldin verður í Þjóðmenningarhúsinu nú í sumar.

Störf faghópa og fulltrúa

Innan vébanda Upplýsingar fer fram **öflugt starf í ýmsum nefndum og stjórnnum** sem fulltrúar félagsins taka þátt í og er það starf eðli málsins samkvæmt drjúgur hluti hins faglegra starfs. Yfirlit um þá starfsemi verður flutt á hér á fundinum og **skýrslur um starfsemina ásamt skýrslu stjórnar verða birtar í næsta tölublaði Fregna**. Stjórn Upplýsingar flytur öllum þeim sem starfa fyrir félagið á einn eða annan hátt alúðarþakkar og ennfremur öllum þeim félagsmönnum sem halda merki Upplýsingar á lofti með störfum í þágu félagsheildarinnar. Að síðustu vill undirrituð þakka stjórnarmönnum samstarfið og vinnuframlag þeirra í þágu félagsins.

f.h. stjórnar Upplýsingar - Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður